



Reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti.

1. Um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Dalvíkurbyggð.

Kjörnir fulltrúar eru fulltrúar í sveitarstjórn og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem kosnir eru í fagráð og nefndir sveitarfélagsins og starfa í umboði sveitarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:

- 1.2. Gildandi samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar á hverjum tíma.
- 1.3. Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum.
- 1.4. Erindisbréfum ráða og nefnda.
- 1.5. Stjórnsýslulögum og upplýsingalögum.
- 1.6. Sérstökum stefnumarkandi samþykktum sveitarstjórnar.
- 1.7. Ákvörðunum og útgjaldarömmum sem sveit arstjórn samþykkir.
- 1.8. Reglum þessum.
- 1.9. Lögum og reglum sem gilda um einstaka málaflokka.

2. Stjórnendur eru allir yfirmenn stjórnsýslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt gildandi skipuriti á hverjum tíma.

Stjórnendur starfa samkvæmt:

- 2.1. Gildandi samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar á hverjum tíma.
- 2.2. Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum.
- 2.3. Stjórnsýslulögum og upplýsingalögum.
- 2.4. Erindisbréfum ráða og nefnda.
- 2.5. Sérstökum stefnumarkandi samþykktum sveitarstjórnar.
- 2.6. Ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem sveitarstjórn samþykkir.
- 2.7. Gildandi kjarasamningum og samningum um ráðningarkjör.
- 2.8. Reglum þessum.
- 2.9. Lögum og reglum sem gilda um málaflokk þeirra eða verkefni.

3. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að:

- 3.1. Fara með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- 3.2. Móta stefnu fyrir starfssemi Dalvíkurbyggðar og einstakra sviða, deilda og stofnana sveitarfélagsins, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana.
- 3.3. Setja starfssemi sveitarfélagsins reglur, m.a. um ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda, kjörinna fulltrúa og starfsmanna, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um og þörf krefur.
- 3.4. Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða starfsmenn skv. 47. gr. til og með 55. gr. Samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar.

4. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa og nefndarmanna að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum sveitarstjórnar, ráða og nefnda og að starfssemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.



Mannauðsstefna stefna Dalvíkurbyggðar

5. Sveitarstjóri og sviðsstjórar eru tengiliðir kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Dalvíkurbyggðar og bera ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokki. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í sveitarstjórn og á fundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum Dalvíkurbyggðar.
6. Sveitarstjórn er heimilt að fela nefndum fullnaðarafgreiðslu mála skv. 31. gr. Samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar. Á sama hátt geta nefndir falið stjórnendum fullnaðarafgreiðslu mála á verksviði þeirra samkvæmt starfsreglum sem sveitarstjórn staðfestir. Stjórnendur gera nefndum reglulega grein fyrir afgreiðslu slíkra mála.
7. Sveitarstjóri kynnir og er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun sveitarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd þessara samþykktar.

8. Um framkvæmdastjórn Dalvíkurbyggðar.

- 8.1. Sveitarstjóri starfar samkvæmt ákvæðum Samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar. Sveitarstjóri framfylgir ákvörðunum sveitarstjórnar um stefnumál og verklagsreglur og er tengiliður sveitarstjórnar við stjórnendur sveitarfélagsins.
- 8.2. Framkvæmdastjórn Dalvíkurbyggðar er sveitarstjóra til ráðgjafar um rekstur og stjórn sveitarfélagsins. Einstaklingar í framkvæmdastjórn hafa í krafti setu sinnar í framkvæmdastjórn ekki boðvald yfir öðrum stjórnendum nema í umboði sveitarstjóra í afmörkuðum málum.
- 8.3. Framkvæmdastjórn Dalvíkurbyggðar er skipuð sveitarstjóra og sviðsstjórum. Helstu verkefni framkvæmdastjórnar eru þessi:
 - a) Eftirfylgni með ákvörðunum sveitarstjórnar, ráða og nefnda og eftirlit með þjónustunni sem stofnanirnar og fyrirtæki eiga að veita samkvæmt starfsáætlunum og reglum.
 - b) Samræming starfssemi milli stofnana, deilda og sviða.
 - c) Eftirlit með fjármálum aðalsjóðs sjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins.
 - d) Samningagerð og eftirfylgni með samningum.
 - e) Tengsl og samskipti við kjörna fulltrúa og fagnefndir.
 - f) Reglulegt samráð við stjórnendur sviða og deilda og samvinna með þeim/við þá.

9. Skyldur og starfshættir stjórnenda

- 9.1. Stjórnendum Dalvíkurbyggðar ber að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og taka þá fram yfir hagsmuni stjórnunareiningar sinnar ef svo ber undir.
- 9.2. Stjórnandi
 - a) er leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt stefnu sveitarstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefnunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra.
 - b) ákveður samskiptareglur þeirra sviða, deilda eða stofnana sem heyra beint undir hann. Stjórnandi getur ekki sett starfsreglur sem hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda nema í samráði við þá og sameiginlegan yfirmann.



Mannauðsstefna stefna Dalvíkurbyggðar

- c) samræmir störf milli sviða, deilda eða stofnana sem undir hann heyra.
- d) færir útgjöld milli rekstaraliða innan málaflokksins/verkefnisins að frátöldum bundnum liðum samkv. samþykkt um fjárhagsáætlanuferli hjá Dalvíkurbyggð.
- e) ákveður tilhögun starfsmannahalds, m.a. ráðningar almennra starfsmanna og tilfærslur þeirra milli starfa samkvæmt ráðningarsamningum, kjarasamningum og gildandi reglum sveitarstjórnar. Stjórnandi auglýsir störf, gefur upplýsingar um þau og gerir ráðningarsamninga að höfðu samráði við launafulltrúa.
- f) gerir þjónustusamninga um einstaka verkþætti og býður út verk, í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins.
- g) hefur eftirlit með daglegri starfssemi deilda og stofnana sem undir aðra stjórnendur heyra, en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að ræða frá vönduðum stjórnarsýsluháttum, samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum eða reglum og samþykktum sveitarstjórnar eða fagnefnda.
- h) hann starfar samkvæmt starfslýsingu sem honum er sett þar sem verkefni hans og valdsvið er skilgreint.

9.3 Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda ofar í skipuriti og lýtur fyrirmælum hans.

9.4. Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki eða verkefni.

9.5. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningakjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur o.s.frv.) eða samþykktir byggðarráðs. Allar ráðningar skulu unnar í samráði við launafulltrúa.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 25.11.2014.